

Margery Williams

# Flauelskanínan

(þegar leikföng öðlast líf)



Skrifræði útgáfufélag

Bókin heitir á frummálinu:

**The Velveteen Rabbit (or How Toys Become Real)**

Höfundur: Margery Williams Bianco

Teikningar: William Nicholson

Bókin kom fyrst út í New York árið 1922

Íslensk þýðing, umbrot o.fl.: Haraldur Steinþórsson

Skrifræði útgáfufélag

Kópavogsbæ desember 2013

ISBN 978-9979-72-345-5

CC BY-NC-SA 4.0 leyfi.



Flauelskanínan hefur verið þýdd á fjölmörg tungumál, m.a.:

- þýsku (*Der kleine Kuschelbabe Oder Wie Die Dinge Wirklich Werden*),
- dönsku (*Fløjlskaninen eller Da legetøjet blev levende*),
- sænsku (*Sammetskaninen eller Hur leksaker får liv*),
- norsku og færeysku (*Fløyelskaninen, Floyalskaninin*),
- rússnesku (*Плюшевый кролик или как оживают игрушки*),
- ítölsku (*Il Coniglietto di Velluto*),
- japönsku (*ビロードうさぎ*),
- tékknesku (*Králíček Samet'áček, aneb, Jak hračky ožívají*),
- pólsku (*Aksamitny Królik, czyli jak zabawki stają się prawdziwe*),
- portúgölsku (*O Coelho de Bêlbute / O Coelho de Veludo*),
- spænsku (*El conejo de terciopelo, ó, cómo los juguetes se convierten en reales*),
- rúmensku (*Iepuraşul de catifea*),
- tyrknesku (*Kadife Tavşan*),
- hollensku (*Het fluwelen konijn, of Hoe speelgoed echt wordt*),
- frönsku (*Le Lapin en peluche ou comment les jouets peuvent devenir vivants*),
- ungversku (*A Bársony Nyuszó – avagy a játékok életre kelnek*)  
og
- finnsku (*Samettipupulle, että lelu voi muuttua oikeaksi*).




INU sinni var flauelskanína. Í fyrstu var hún virkilega glæsileg, bæði feit og bústin, eins og kanínur eiga að vera. Feldurinn var brúndoppóttur og hvítur, hún var með veiðihár úr tvinna og eyrun voru fóðruð með bleiku næloni. Á aðfangadagsmorgun, þegar hún sat skorðuð í skó drengsins í glugganum, með jólagreinar á milli loppanna, voru áhrifin hrífandi.

Það var fleira úti í glugga þennan dag. Hnetur og mandarínur, lítill leikfangalest, súkkulaðirúsínur og upptrekkjanleg mús. En kanínan var klárlega það besta af öllu. Drengurinn lék sér með hana í að minnsta kosti tvo klukkutíma. Svo komu frænkur og frændur í heimsókn og það var mikið um pappírsskrjáf og pakka sem þurfti að opna. Í spenningnum við að horfa á allar nýju gjafirnar gleymdist flauelskanínan.



*Á aðfangadagsmorgun*

*The Velveteen Rabbit (or How Toys Become Real)* kom fyrst út í Bandaríkjunum árið 1922. Höfundaréttarvernd verka sem gefin voru út þar í landi fyrir 1. janúar 1923 takmarkast við 75 ár frá útgáfu. Þótt verndartími upprunalega verksins sé þannig liðinn og engar takmarkanir séu á því með hvaða hætti verkinu er breytt eða það birt, gildir annað um þessa þýðingu á sögunni. Þýðing er sköpun sem nýtur sjálfstæðrar verndar höfundaréttar.



## Eftirmáli þýðanda (ekki fyrir börn)

Þessi bók er íslensk þýðing á verkinu *The Velveteen Rabbit (or How Toys Become Real)* eftir **Margery Williams** (22. júlí 1881 – 4. september 1944). Myndskreytingar bókarinnar byggja á teikningum **William Nicholson** (5. febrúar 1872 – 16. maí 1949). Upprunalegan texta og myndskreytingar bókarinnar, sem fyrst kom út árið 1922 má nálgast án endurgjalds á rafrænu formi.<sup>1</sup>

Samkvæmt gildandi höfundalögum þegar þessi bók er gefin út helst höfundaréttur bókmennta og teikninga uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar, þ.m.t. sæmdarréttur og fjárhagsleg réttindi. Í samræmi við svokallaða reglu um styttra tímabil (e. rule of the shorter term), sem er að finna í Bernarsáttmálanum til verndar bókmenntum og listaverkum og tilskipunum ESB um höfundarétt sem innleiddar hafa verið á Íslandi, skal verndartímabil verka ekki vera lengri en sá tími, sem tiltekinn er í upprunalandi verksins (ef upprunaland er utan EES).

---

<sup>1</sup> Sagan hefur verið gerð aðgengileg bæði á ensku (á [archive.org](http://archive.org)) og færeysku (á [books.google.com](http://books.google.com)).

Kanínan bjó lengi í leikfangaskápnum eða á gólfinu í barnaherberginu án þess að nokkur skeytti mikið um hana. Hún var feimin að eðlisfari og vegna þess að hún var bara úr baðmullarflaueli virtu mörg af dýrari leikföngunum hana varla viðlits. Tæknileikföngin voru hæst sett og litu niður á öll hin; þau voru full af nútímalegum hugmyndum og þóttust vera raunveruleg. Módelbáturinn, sem var búinn að þrauka í tvö ár og hafði tapað mest allri málningunni, líkti eftir þeim og notaði hvert tækifæri til þess að tala um tæknilega þætti siglinga. Kanínan gat ekki státað sig af því vera módel-neitt, því hún vissi ekki að til væru alvöru kanínur. Hún hélt að allar kanínur væru fylltar með hálmi eins og hún og vissi að hálmur var mjög gamaldags og að ekki ætti að minnast á hann í nútímaumræðum. Jafnvel Torfi, tréljónið með hreyfanlegu útlíminu, sem var framleiddur hjá Múlalundi og hefði átt að vera víðsýnni en hin leikföngin, setti sig á háan hest og þóttist hafa

tengsl við æðstu ráðamenn landsins. Á meðal þeirra fannst aumingja litlu kanínunni hún lítil-fjörleg og hversdagsleg. Sá eini sem var blíður við hana var Skinnhesturinn.

Skinnhesturinn hafði búið lengur í barna-herberginu en nokkurt hinna leikfanganna. Hann var svo gamall að hárlausir blettir höfðu myndast á brúna feldinum hans og saumarnir sáust þar í gegn, og flest taglhárin höfðu verið slitin af til að nota í perlufestar. Hann var vitur, því hann hafði séð mikinn fjölda tæknileikfanga koma, montin og góð með sig, sem smám saman biluðu og hurfu á braut, og hann vissi að þau voru aðeins leikföng og yrðu aldrei neitt meira. Því töfrar barna-herbergisins eru undarlegir og frábærir og einungis gömul, vitur og reynslumikil leikföng, eins og Skinnhesturinn, skilja þá til fulls.

„Hvað er RAUNVERULEGT?“ spurði kanínan einn daginn, þegar þau lágu hlið við hlið í barna-herberginu áður en mamma kom til að taka

Haustið leið og veturinn líka og um vorið, þegar dagarnir urðu hlýrri og sólríkari, fór drengurinn út að leika sér í skóginum nálægt húsinu. Á meðan hann lék sér kíktu tvær kanínur undan gróðrinum og gjóuðu augunum til hans. Önnur var einlituð brún, en hin var með skrítnar skellur undir feldinum, eins og hún hefði fyrir löngu síðan verið doppótt og doppurnar sæjust enn í gegn. Það var eitthvað kunnuglegt við litlu mjúku snoppuna hennar og kringlóttu svörtu augun, svo að drengurinn hugsaði með sér:

„Heyrðu, hún er alveg eins og gamla kanínan sem ég týndi þegar ég fékk skarlatssótt.“

En hann vissi ekki að í raun var þetta kanínan hans, komin aftur til að líta til drengsins sem hjálpaði henni að verða raunveruleg.

**\*\* ENDIR \*\***

til í því. „Þýðir það að innan í þér sé allt á iði og þú sért trekkur upp með lykli?“

„Að vera raunverulegur snýst ekki um hvernig þú ert búin til,“ sagði Skinnhesturinn. „Það er eitthvað sem kemur fyrir þig. Þegar barn elskar þig í langan, langan tíma, ekki bara að leika með þig heldur VIRKILEGA elskar þig, þá verður þú raunveruleg.“

„Er það vont?“ spurði kanínan.

„Stundum,“ svaraði Skinnhesturinn, því hann sagði alltaf satt. „Þegar þú ert raunveruleg er þér sama þótt það sé vont.“

„Gerist það allt í einu, eins og þegar maður er trekkur upp,“ spurði hún, „eða smátt og smátt?“


„Það gerist ekki allt í einu,“ sagði Skinnhesturinn. „Það er eitthvað sem þú verður. Það tekur langan tíma. Þess vegna kemur það ekki oft fyrir leikföng sem brotna auðveldlega, sem eru með skarpar brúnir eða sem þarf að hugsa mikið um. Yfirleitt, þegar sá tími kemur að þú verður

raunveruleg, er búið að elska af þér flest hárin, augun á þér eru farin að lafa, þú ert orðin snjád og liðamótin orðin laus. En þessi hlutir skipta engu máli. Því þegar þú ert orðin raunveruleg getur þú ekki verið ljót, nema fyrir fólki sem skilur ekki.“

„Ég býst við því að þú sért raunverulegur?“ sagði kanínan. En um leið óskaði hún þess að hafa ekki spurt, því hún hélt að Skinnhesturinn væri kannski viðkvæmur. En Skinnhesturinn brosti bara.

„Frændi drengsins gerði mig raunverulegan,“ sagði hann. „Það var fyrir mörgum árum; en þegar þú er orðin raunveruleg getur þú ekki orðið venjuleg aftur.“

Kanínan andvarpaði. Hún hugsaði að það myndi líða langur tími þar til hún yrði þessum töfrum gædd. Hana langaði að verða raunveruleg, að vita hvernig tilfinning það væri; en samt var tilhugsunin um að verða snjád og missa augun og veiðihárin frekar sorgleg. Hún óskaði þess að hún



*Loksins, loksins*

koss álfadísarinnar breyttist hún að öllu leyti. Hugsanlega hefði hún setið kyrr í langan tíma, hikandi við að hreyfa sig, ef ekki hefði eitthvað kitlað snoppuna hennar. Áður en hún vissi hvað hún var að gera, hafði hún lyft upp annarri afturlöppinni til að klóra sér.

Hún áttaði sig á því að hún var með afturlappir! Í stað lúins flauelsins var kominn mjúkur og glansandi brúnn feldur. Eyrin á henni kipptust ósjálfrátt við og veiðihárin voru svo löng að þau strukust við grasið. Hún tók eitt stökk áfram og ánægjan af því að nota afturlappirnar var svo mikil að hún hélt áfram að stökkva um grassvörðinn, hoppandi til hliðar og snarsnúandi sér í hringi eins og hinar kanínurnar höfðu gert. Hún var svo spennt að loks þegar hún stoppaði til að líta eftir álfadísinni, var dísin horfin.

Hún var loksins orðin alvöru kanína og átti heima með hinum kanínunum.

gæti orðið raunveruleg án þess að til slíkra óþæginda þyrfti að koma.

Mamma hafði yfirumsjón með barnaherberginu. Stundum tók hún ekkert eftir leikföngunum sem voru dreifð um herbergið, en stundum, án nokkurrar ástæðu, fór hún um herbergið eins og stormsveipur og sópaði þeim inn í skápa. Hún kallaði þetta að „taka til“ og leikföngunum var mjög illa við það. Sérstaklega þeim sem voru úr hörðum efnum. Kanínan kippti sér ekki mikið upp við þetta, því hvert sem henni var kastað lenti hún alltaf mjúklega.

Eitt kvöldið, þegar drengurinn var að fara í háttinn, fann hann ekki tuskuhundinn sem hann svaf alltaf með. Mamma var aðeins að flýta sér og það var of mikil fyrirhöfn að leita að hundinum svona seint. Hún horfði því í kringum sig og þegar hún sá hurðina á leikfangaskápnum standa opna, fór hún með hendina inn í hann.



*Skinnhesturinn segir sögu sína*

Það var bjart, því tunglið var komið upp. Skógurinn var fallegur og blöðin á trjámum glitruðu eins og skínandi skart. Í skógarrjóðri milli stórra trjána dönsuðu villtu kanínurnar við skuggana af sjálfum sér í þykku grasinu, en þegar þær sáu álfadísina hættu þær að dansa og stóðu saman í hring til að fylgjast með henni.

„Ég kom með nýjan leikfélaga fyrir ykkur,“ sagði álfadísinn. „Þið verðið að vera góðar við hana og kenna henni allt sem hún þarf að vita í kanínu-landi, því hún mun búa með ykkur það sem eftir er!“

Hún kyssti litlu kanínuna og setti hana niður í grasið.

„Farðu og leiktu þér, litla kanína!“ sagði hún.

Litla kanínan sat kyrr í nokkra stund og hreyfði sig ekki, því þegar hún sá allar villtu kanínurnar dansa í kringum sig mundi hún skyndilega eftir löppunum á sér. Hún vildi ekki að þær sæu að hún hefði enga afturlappir. Kanínan vissi ekki að við



*Blóm álfadísarinnar*

„Hérna,“ sagði hún, „taktu kanínuna þína. Hún getur sofið með þér.“ Hún lyfti kanínunni upp á eyrunum og fékk drengnum hana í fangið.

Þessa nótt og margar nætur á eftir svaf kanínan í rúminu hjá drengnum. Í fyrstu fannst henni það svolítið óþægilegt, því drengurinn hélt henni mjög þétt að sér. Stundum velti hann sér yfir hana og stundum ýtti hann henni svo langt undir koddann að kanínunni fannst hún vera að kremjast. Hún saknaði líka tunglskinsbjörtu kvöldstundanna í barnaherberginu, þegar allt var hljótt, og löngu samtalanna við Skinnhestinn. En mjög fljótt fór kanínunni að líka vel við nýja svefnstaðinn, því drengurinn talaði mikið við hana og gerði mörg göng fyrir hana undir sænginni, sem hann sagði að væru eins og alvöru greni sem kanínur gerðu sér. Þau skemmtu sér ofsalega vel, mjög hljóðlega, þegar mamma var farin út úr herberginu til að tala við einhvern í síma og skildi náttljósið eftir kveikt. Þegar drengurinn sofnaði, kúrði kanínan sig upp

við hökuna á honum og lét sig dreyma og drengurinn hélt henni þétt að sér alla nóttina.

Þannig leið tíminn áfram og litla kanínan var mjög ánægð – svo ánægð að hún tók ekki eftir því að fallegi feldurinn hennar var orðinn snjáður, saumarnir í skottinu voru orðnir lausir og bleiki liturinn á trýninu var fölnaður þar sem drengurinn kyssti hana.

Vorið kom og með því komu langir dagar úti, því hvert sem drengurinn fór var kanínan með í för. Hann hljóp með hana í hjólbörum, fór með hana í lautarferðir í grasinu og byggði handa henni litla kofa undir rífsberjarunnunum í garðinum.

Eitt sinn, þegar skyndilega var kallað á drenginn að koma inn í vöflur, var kanínan skilin eftir í garðinum fram á kvöld og mamma þurfti að fara með vasaljós að leita að henni, því drengurinn gat ekki farið að sofa án hennar. Hún var blaut í gegn vegna þess að dökk hafði myndast á grasinu og hún var nokkuð skítug líka eftir grenin sem

litlu kanínunni, lyfti henni upp og kyssti flauelsnoppuna hennar, sem var rök af tárum.

„Litla kanína,“ sagði hún „veistu ekki hver ég er?“

Kanínan horfði upp til hennar og fannst eins og hún hefði séð hana áður, en gat ekki munað hvar.

„Ég er álfadís barnaherbergistöfranna“ sagði hún. „Ég annast öll leikföngin sem börn hafa elskað. Þegar þau eru orðin gömul og slitin og börnin þurfa ekki lengur á þeim að halda, kem ég og tek þau með mér og geri þau raunveruleg.“

„Var ég ekki raunveruleg áður?“ spurði litla kanínan.

„Þú varst raunveruleg fyrir drengnum,“ sagði álfadísin, „vegna þess að hann elskaði þig. Núna verður þú raunveruleg fyrir öllum.“

Hún hélt litlu kanínunni þétt að sér og flaug með hana inn í skóginn.

hugsaði til Skinnhestsins, sem var svo vitur og blíður og alls þess sem hann hafði sagt henni. Til hvers var það eiginlega að vera elskuð, verða tötraleg og snjáð og verða svo raunveruleg, ef þetta endaði allt svona? Á þessari stundu rann tár, alvöru tár, niður litla snjáða flauelstrýnið hennar og féll til jarðar.

En þá gerðist dálítið undarlegt. Á staðnum þar sem tárið féll til jarðar óx upp blóm, dularfullt blóm, alls ólíkt blómunum sem uxu í garðinum. Það var með grönnum, grænum laufblöðum, á litinn eins og eðalsteinar og í miðjunni var blómknappur sem líktist helst gullbikar. Þetta var svo fallegt að litla kanínan gleymdi að gráta og lá bara og horfði á. Skyndilega opnaðist blómið og álfadís kom í ljós.

Þetta var án efa fallegasta álfadís í öllum heiminum. Kjöllinn hennar var skreyttur perlum og döggi, hún var með blóm um hálsinn og í hárinu og andlit hennar var sem blóm. Hún kom upp að

drengurinn hafði gert fyrir hana í blómabeðinu. Mamma tuðaði með sjálfri sér á meðan hún nuddaði óhreinindin af með tusku.


„Þú verður að hafa gömlu kanínuna þína!“ sagði hún. „Að hugsa sér allt þetta fjaðrafok vegna leikfangs!“

Drengurinn settist upp í rúmið og rétti út hendurnar.

„Láttu mig fá kanínuna mína!“ sagði hann. „Þú mátt ekki segja þetta. Hún er ekki leikfang, hún er RAUNVERULEG!“

Þegar kanínan litla heyrði þetta varð hún ánægð, því hún vissi að það sem Skinnhesturinn hafði sagt var loksins að rætast. Loksins fengi hún að njóta töfra barnaherbergisins, hún var ekki lengur leikfang. Hún var raunveruleg, drengurinn hafði sjálfur sagt það.

Þessa nótt var kanínan næstum því of glöð til að geta sofið og svo mikil ást bærðist um í líkama



*Vor í lofti*

Á meðan drengurinn lá sofandi og lét sig dreyma um sjávarsíðuna, lá litla kanínan á meðal gömlu myndabókanna í garðinum fyrir aftan verkfæraskúrinn og var mjög einmana. Ekkert lok var á kassanum og hún gat mjakað sér upp og horft í kringum sig. Hún skalf smávegis, því hún var vön að sofa í góðu rúmi og feldurinn hennar var orðinn svo þunnur og saumaber, eftir öll faðmlögin, að hann veitti henni litla vörn gegn kulda. Rétt hjá sá hún rifsberjarunnana, sem voru stórir eins og frumskógur, þar sem hún hafði leikið sér með drengnum á liðnum dögum. Hún hugsaði um allar sólskinsstundirnar í garðinum – hversu ánægð þau voru – og hún fann fyrir depurð. Gleðistundirnar virtust líða fyrir augum hennar, hver annarri fallegrí. Litlu kofarnir undir rifsberjarunnunum, hljóðlátu kvöldstundirnar í skóginum þegar hún lá innan um gróðurinn og litlu skordýrin hlupu framhjá henni; unaðslegi dagurinn þegar rann upp fyrir henni að hún var raunveruleg. Hún



*Óvissutímar*

hennar að henni leið eins og hún myndi springa. Í augum hennar, sem fyrir löngu voru hætt að glansa, birtist nú fallett augnaráð, fullt af visku, svo að jafnvel mamma tók eftir því næsta morgun þegar hún tók kanínuna upp og sagði: „Gott ef þessi gamla kanína er ekki svolítið spekingaleg á svipinn.“

Þetta var yndislegt sumar.

Nálægt húsinu þar sem þau bjuggu var lítill skógur og drengurinn fór gjarnan þangað eftir kaffitímann til að leika sér á löngum júníkvöldum. Hann tók flauelskanínuna með sér og áður en hann fór burt til að tína blóm eða í löggu- og bófa-leik innan um trén, bjó hann um hana í litlu bæli í gróðrinum, þar sem henni myndi líða vel. Því hann var góðhjartaður drengur og vildi að kanínan hefði það gott. Eitt kvöldið, þegar kanínan lá ein í bælinu og horfði á skordýrin athafna sig í grasinu á milli loppanna á sér, sá hún tvær undarlegar verur læðast út úr háum gróðrinum nálægt henni.

Þetta voru kanínur, eins og hún sjálf, en bæði loðnar og glænýjar. Þær hlutu að hafa verið mjög vel gerðar, því það sást ekkert í saumana á þeim og þær skiptu með undarlegum hætti um lögun þegar þær hreyfðu sig; eina stundina voru þær langar og

„Þessa?“ spurði læknirinn. „Hún er gróðrastía fyrir skarlatssótt! - Brennið hana. Hvað? Vitleysa! Gefið honum nýja kanínu. Hann má ekki eiga þessa lengur!“

Litla kanínan var því látin í kassa með gömlu myndabókunum og ýmsu rusli og kassinn var settur í enda garðsins fyrir aftan verkfæraskúrinn. Þetta var góður staður til að gera brennu, en ekki gafst tími til að kveikja í henni alveg strax. Til stóð að brenna allt saman snemma morguninn eftir.

Þessa nótt svaf drengurinn í öðru svefnherbergi og hann fékk aðra kanínu til að sofa með. Það var glæsileg kanína, með alhvítan feld og augu gerð úr gleri. En drengurinn var of spenntur til að leiða hugann mikið að henni, því um morguninn var hann á leið að sjávarsíðunni og það var svo stórfengleg tilhugsun að hann gat ekki hugsað um annað.

Þetta var bjartur, sólríkur morgunn og gluggarnir stóðu galponir. Drengurinn hafði verið borinn út á svalir, vafinn í teppi. Litla kanínan lá vafin inn í rúmfötin og hugsaði.

Drengurinn átti að fara út að sjávarsíðunni á morgun. Allar ráðstafanir höfðu verið gerðar og nú þurfti bara að fara að fyriræmum læknisins. Þau töluðu um það allt saman, á meðan litla kanínan lá og hlustaði með hausinn rétt upp fyrir sængina. Það átti að sótthreinsa herbergið og brenna allar bækurnar og leikföngin sem drengurinn hafði leikið sér með.

„Húrra!“ hugsaði litla kanínan. „Á morgun förum við að sjávarsíðunni!“ Því kanínan hafði oft hlustað á drenginn tala um sjávarsíðuna og hana langaði mjög mikið að sjá stóru öldurnar flæða að, krabbana í flæðamálinu og sandkastalana.

Einmitt á þeirri stundu varð mömmu litið til hennar.

„Hvað með gömlu kanínuna hans?“

mjóar og þá næstu feitar og pattaralegar, í stað þess að vera alltaf eins í laginu eins og hún. Þær þrömmuðu mjúklega á jörðinni, læddust mjög nálægt henni og þefuðu út í loftið. Á meðan horfði kanínan vandlega á þær til að reyna að sjá hvar þær væru trekkar upp eða hvar rafhlöðunum væri stungið inn, því yfirleitt ganga þeir sem geta hoppað fyrir rafmagni eða einhvers konar hleðslu. Þær voru greinilega alveg ný tegund af kanínum.

Þær stöðu á hana og litla kanínan starði til baka. Allan tímann þefuðu þær út í loftið.

„Af hverju stendur þú ekki upp og leikur við okkur?“ spurði önnur þeirra.

„Mig langar ekki til þess,“ sagði kanínan, því hún vildi ekki útskýra fyrir þeim að hún hefði ekkert gangvirki.

„Hah!“ sagði loðna kanínan. „Það er svo auðvelt,“ og hún tók stórt stökk til hliðar og stóð á afturlöppunum.

„Ég held að þú getir það ekki!“ sagði hún.



*Sumardagar*

tímann lá flauelskanínan í rúminu, falin undir sængurfötunum. Hún var grafkyrr, því hún óttaðist að ef einhver fyndi hana þá yrði hún tekin burt, og hún vissi að drengurinn þarfnaðist hennar.

Þetta var langt og erfitt tímabil, því drengurinn var of veikur til að leika og kanínunni leiddist vegna þess að það var ekkert við að vera allan daginn. Hún kúrði þó þolinmóð hjá drengnum og hlakkaði til þess þegar hann yrði aftur frískur og þau færu út í garð og skemmtu sér í grasinu og færu í frábæra leiki, eins og áður fyrr. Hún skipulagði alls konar skemmtileg uppátæki og á meðan drengurinn lá hálfsofandi í rúminu, laumaðist hún upp að koddanum og hvíslaði þeim í eyra hans. Loksins lækkaði hitinn og drengnum fór að batna. Hann gat setið uppi í rúminu og skoðað myndabækur, á meðan litla kanínan kúrði þétt upp að honum. Einn daginn mátti hann svo fara á fætur og klæða sig.

Vikurnar liðu og litla kanínan varð gömul og snjáð, en drengurinn elskaði hana engu minna. Hann elskaði hana svo ákaft að veiðihárin duttu af, bleiki liturinn á eyrunum varð grár og brúnu doppernar á feldinum dofnuðu. Hún var meira að segja farin að missa lögunina – hún líktist varla kanínu lengur, nema fyrir drengnum. Fyrir honum var hún alltaf falleg og það var það eina sem skipti kanínuna máli. Henni var sama hvernig hún kom öðrum fyrir sjónir, því töfrar barnaherbergisins höfðu gert hana raunverulega. Fyrir þeim sem er raunverulegur skiptir útgangurinn ekki máli.

En dag einn veiktist drengurinn.

Hann varð rauðleitur í andlitinu og talaði í svefni, og litli líkaminn hans varð svo heitur að hann brenndi kanínuna þegar drengurinn hélt henni nálægt sér. Undarlegt fólk kom og fór og ljós var kveikt alla nóttina í barnaherberginu. Allan

„Ég get það!“ sagði litla kanínan. „Ég get hoppað hærra en allt!“ Hún átti við þegar drengurinn henti henni upp í loftið, en auðvitað vildi hún ekki viðurkenna það.

„Geturðu hoppað á afturlöppunum?“ spurði loðna kanínan.

Þetta var skelfileg spurning, því flauelskanínan var ekki með neinar afturlappir! Afturhlutinn á henni var allur í einu lagi, eins og nálapúði. Hún sat kyrr í gróðrinum og vonaði að hinar kanínurnar tækju ekki eftir því.

„Mig langar ekki til þess!“ sagði hún aftur.

En loðnu kanínurnar voru eftirtektarsamar. Önnur þeirra teygði fram hausinn og gáði.

„Hún er ekki með neina afturlappir!“ kallaði hún upp yfir sig. „Að hugsa sér, kanína með engar afturlappir!“ Svo byrjaði hún að hlæja.

„Víst!“ kallaði litla kanínan. „Víst er ég með afturlappir, ég sit á þeim!“

„Teygðu þá úr þeim og sýndu mér, svona!“ sagði villta kanínan. Svo fór hún að snúast og dansa, þar til litla kanínan var orðin alveg ringluð.

„Ég er ekkert fyrir að dansa,“ sagði hún. „Ég vil frekar sitja kyrr!“

En allan tímann þráði hún að dansa. Undarleg tilfinning hríslaðist um hana og hún hefði gefið hvað sem væri til að geta hoppað um eins og þessar kanínur gerðu.

Skritna kanínan hætti að dansa og færði sig miklu nær. Hún kom svo nálægt í þetta skiptið, að löngu veiðihárin hennar strukust við eyrun á flauelskanínunni. Svo krumpaði hún skyndilega á sér trýnið, flatti út eyrun og stökk aftur á bak.

„Það er undarleg lykt af henni!“ hrópaði hún. „Hún er ekki alvöru kanína! Hún er ekki raunveruleg!“

„Ég *er* raunveruleg!“ sagði litla kanínan. „Ég er raunveruleg! Drengurinn sagði það!“ Við þetta táraðist hún.

Í þann mund heyrðist fótatak nálægt og drengurinn hljóp framhjá þeim. Undarlegu kanínurnar hurfu í skyndi.

„Komið aftur að leika við mig!“ kallaði litla kanínan. „Æ komið aftur! Ég *veit* að ég er raunveruleg!“

En það kom ekkert svar. Ekkert heyrðist nema hljóðið í skordýrunum sem héldu áfram að vinna, og gróðurinn blakti létt þar sem ókunnu kanínurnar fóru um. Flauelskanínan var ein eftir.

„Ei!“ hugsaði hún. „Af hverju hlupu þær í burtu? Af hverju gátu þær ekki stoppað til að tala við mig?“

Hún lá grafkyrr í langan tíma, horfandi á gróðurinn, og vonaði að þær kæmu aftur. En þær komu ekki aftur. Sólin hneig neðar og náttfiðrildin sveimuðu, og loks kom drengurinn og bar hana heim.